

Danska

5.-7. bekkur

Danska er kennd í 7. bekk og tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi þó einhverjir nemendur vinni á 2. stigi. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: **Hlustun, lesskilning,samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni**

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í námslotum, kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum. Námsmat grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla og er birt á hæfnikorti nemenda á Mentor þar sem fylgjast má með framvindu náms nemenda. Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að sýna fram á hæfni sína eins og aðalnámskrá kveður á um.

Hlustun

Hæfniviðmið Nemandi getur:	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar, sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga, og greint frá því helsta.	Skilningur á tungumálinu í kennslustofunni og svörun einfaldra spurninga. Hlustun á frásagnir og tónlist og horft á þætti og kvikmyndir.	Unnið ýmis verkefni út frá hlustun og áhorfi s.s. hlustunaræfingar í vinnubókum tengt orðaforða hverju sinni. Kvikmyndir og sjónvarpsþættir Myndbrot af vef Frásagnir kennara	Nemenda og vinnubækur við hæfi. Kvikmyndir, sjónvarpsþættir og tónlist sem hæfa grunnorðaforða og aldri nemenda.

Lesskilningur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.	Textar, dagblöð, tímarit og netmiðlar. Upplýsingaleit, lestur stuttra bóka og frásagna og umræða um þær.	Ýmis verkefni sem þjálfa lesskilning og orðaforða. Æfa lestur, lesskilning og orðaforða. Lestur á myndrænum upplýsingum.	Textar við hæfi. Vinnubækur.

Samskipti

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Spurt og svarað og skiptast á upplýsingum. Samtalsleikir og samtalsæfingar.	Ýmsar æfingar tengdar samskiptum. Virk þátttaka í samskiptaleikjum. Virk þátttaka í kennslustundum.	Unnið með orðaforða í þema hverju sinni.

Frásögn

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</p>	Samtöl, frásagnir, endursagnir flutningur á atriðum.	Upplstur á dönsku fyrir framan hóp eða tekinn upp á myndband. Verkefni þar sem sagt er frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni.	Unnið með grunnorðaforða út frá textum og vinnubókum.

Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista. Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p>	Semja og skrifa texta.	Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að semja texta, lýsingar og fyrirmæli sem settir eru upp og samdir við hæfi. Nemendum gefin tækifæri til að nýta fyrirmyndir frá öðrum í eigin ritun. Nemendur kynna eigin ritun.	Unnið með grunnorðaforða sem tengist þeim sjálfum, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og fjölskyldu.

Menningarläsi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p>	<p>Staðhættir og landfræðileg lega. Barna og unglíngamenning. Það sem er líkt með tungumálunum.</p>	<p>Unnið með þekktasta höfund barnabóka og ævintýra, þar sem farið er í texta og orðaforða. Þekkja stærstu borgir Danmerkur. Greint lík orð úr ensku og íslensku.</p>	<p>Sögur, textar, ævintýri.</p>

Námshæfni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki. Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur. Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>	<p>Einfaldar námsaðferðir og sjálfsmat. Tengja viðfangsefni við eigin þekkingu. Nýta sér hjálpartæki.</p>	<p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja</p>	<p>Orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>